



25. júní 2009

## Stöðugleikasáttmáli – helstu atriði

Markmið stöðugleikasáttmálans er að stuðla að endurreisn efnahagslífsins með þeirri sýn að undir lok árs 2010 verði verðbólga ekki yfir 2,5%, dregið hafi úr halla hins opinbera, gengið styrkst og vextir lækkað verulega. Þannig hafi skapast skilyrði fyrir auknum hagvexti og nýrri sókn í atvinnumálum og grunnur lagður að bættum lífskjörum til framtíðar.

Aðilar sáttmálans eru sammála um mikilvægi þess að verja undirstöður velferðarkerfisins, standa vörð um menntakerfið og verja störf eins og aðstæður frekast leyfa. Einnig að bæta stöðu skuldsettra heimila og stöðu lántakenda á fjármálamarkaði.

### Lokið við gerð kjarasamninga til nóvemberloka 2010

Samhliða gerð þessa sáttmála hafa aðilar vinnumarkaðarins sameinast um að eyða óvissu á vinnumarkaði með því að ljúka gerð kjarasamninga sem gilda til nóvemberloka árið 2010, þar sem áhersla er lögð á að styrkja stöðu þeirra tekjulægstu.

### Jöfnuður hjá ríki og sveitarfélögum en velferð varin sem kostur er

Mikilvægt er að ná sem fyrst jöfnuði í ríkisfjármálum en verja á sama tíma velferðina sem kostur er. Skattstofnar ríkisins dragast nú mikið saman og þess vegna er mikilvægt að of stór hluti hallans verði ekki fjármagnaður með auknum sköttum. Náist markmið sáttmálans um hraðari endurreisn verði svigrúmið sem við það skapast nýtt til þess að verja betur velferðarkerfið og draga úr skerðingum tryggingabóta og skattahækkunum. Í þeim aðhaldsaðgerðum sem sveitarfélögin standa frammi fyrir verður lögð áhersla á að verja grunnþjónustuna og störfin sem kostur er og takmarka gjaldskrárhækkanir eftir fremsta megni.

Áframhald verði á virku samráði um aðgerðir í ríkisfjármálum auk þess sem skipaður verður samráðshópur til að fjalla um leiðir til að standa vörð um grunnþjónustu á vegum sveitarfélaganna og forgangsröðun þeirra.

### Bætt staða lántakenda og skuldsettra heimila

Mikilvægt er að bæta stöðu skuldsettra heimila. Lögð er áhersla á að yfirfara þau úrræði sem heimilunum bjóðast sem þegar hefur verið komið á, í því skini að tryggja að þau gagnist eins og vænst var. Einnig verða gerðar tillögur um viðbótarúrræði eftir því sem þörf krefur. Þar skal sérstaklega horft til þess hóps sem nýlega keypti sína fyrstu eign. Jafnframt verði lagðar fram tillögur um það hvernig styrkja megi stöðu lántakenda á fjármálamarkaði.

### Fjölgun starfa

Ríkisstjórnin mun greiða götu stórfamkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík og hraða undirbúningsvinnu vegna áforma sem tengjast fjárfestingu í meðalstórum iðnaðarkostum, s.s. gagnaverum og kísilflöguframleiðslu. Þá mun ríkisstjórnin ganga til samstarfs við lífeyrissjóði um fjármögnun stórra framkvæmda með sérstakri fjármögnun.

### Endurreisn bankanna, aflétting gjaldeyrishafta og lækkun vaxta

Stefna skal að því að erlendir aðilar geti eignast meirihluta í einhverjum nýju bankanna til þess m.a. að tryggja atvinnulífi og heimilum aðgang að erlendu lánsfé. Þá verði hömlum á gjaldeyrisviðskiptum aflétt í áföngum. Áætlun um afnám gjaldeyrishafta verði lögð fram fyrir 1. ágúst þar sem leitast verður við að aflétta hömlum á nýrri fjárfestingu fyrir 1. nóvember nk. Aðilar vinnumarkaðarins leggja ríka áherslu á að með þessum stöðugleikasáttmála skapist forsendur fyrir því að stýrivextir Seðlabankans lækki í eins stafs tölu fyrir 1.nóvember 2009.

### Málefni lífeyrissjóða

Aðilar sáttmálans munu í sameiningu taka lífeyrismál og málefni lífeyrissjóða til umfjöllunar. Að óbreyttu hvílir sú lagaskylda á sjóðunum að endurskoða fjármögnun þeirra og/eða skerða réttindi sjóðsfélaga. Aðilar eru sammála um að gera ráðstafanir til að unnt sé að fresta slíkum ákvörðunum að sinni á meðan unnið er að heildarendurskoðun.

### Framlög í starfsendurhæfingarsjóð lögfest

Lögfest verða framlög í starfsendurhæfingarsjóð frá atvinnulífinu, lífeyrissjóðum og ríkinu. Þetta byggir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá febrúar 2008.



25. júní 2009

### **Samstarf um eftirlit á vinnustöðum**

Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld munu taka upp samstarf um eftirlit á vinnustöðum m.a. til að tryggja að starfmenn njóti umsaminna réttinda og vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og misnotkun atvinnuleysisbóta.

### **Endurreisn atvinnulífsins og samfélagsleg ábyrgð**

Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins munu móta sameiginlega viðmið sem fylgt verði við endurreisn atvinnulífsins og aðkomu opinberra aðila að atvinnustarfsemi og eignarhaldi fyrirtækja.

### **Framgangur sáttmálans o.fl.**

Allir aðilar þessa stöðugleikasáttmála samþykkja að vinna að framgangi sáttmálans og annarra brýnna samfélagsverkefna á formlegum samráðsvettvangi ofangreindra aðila auk Bændasamtakanna, undir forystu forsætisráðherra.